



STRANDABYGGÐ
SÓL ER SKÝJA SJÓLDUR OG SKÍNANNA RÓSKILL OG ÍSA ALDURTREGI



Dalabyggð



Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.

Fundargerð nr. 3, 05.02.20

Fundur var haldinn í Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda bs. (Brunavarnir DRS), þriðjudaginn 05.02.20. kl 15.00 í Tjarnarlundi í Saurbæ. Mættir voru; Kristján Sturluson, Dalabyggð, Tryggvi Harðarson, Reykhólahreppi, Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri og Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar, Kristján Sturluson, bauð menn velkomna og var því næst gengið til dagskrár:

1. **Bakvaktaplan stjórnenda.** Rætt var um fyrirkomulag bakvakta og lagði slökkviliðsstjóri fram drög að slíku fyrirkomulagi. Ákveðið var að fresta gildistöku þess þar til búið væri að ganga frá ráðningu Varðstjóra á Hólmavík, en þar skarast bakvaktir við aðrar bakvaktir þess einstaklings sem tæki við stöðu Varðstjóra. Varðstjóri í Dalabyggð hefur verið ráðinn og varðstjóri slökkviliðs Reykhóla tekur til starfa í lok febrúar. Mun bakvakt þá færist til Reykhóla. Rætt var um að bakvaktir gæti færst milli deilda og það væri á ábyrgð varðstjóra og deildanna að skipuleggja það. Rætt var um einstaka námskeið, svo sem Reykköfunarnámskeið.
2. **Starfsáætlun 2020.** Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að starfsáætlun og vaktaplani. Stjórn fagnar þeirri vinnu og telur hana góðan grunn. Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum og er þar helst að klára:
 - a. Brunavarnaráætlun
 - b. Koma vakta- og æfingaáætlun af stað og tryggja að hún virki
 - c. Skipuleggja námskeiðahald samhliða vakta- og æfingaáætlun.

Slökkviliðsstjóra er falið að fullgera áætlunina og leggja fram fyrir næsta fund stjórnar, í byrjun mars.

Umræðu um gjaldskrár frestað til næsta fundar..

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl 16.00.

Kristján Sturluson
Tryggvi Harðarson
Þorgeir Pálsson
Ívar Örn Þórðarson